

REGLUGERÐ

um vigtun og skráningu meðafla við veiðar á uppsjávarfiski.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til íslenskra og erlendra skipa sem stunda veiðar á kolmunna, loðnu með vörpu, makríl, norsk-íslenskri síld og íslenskri sumargotssíld. Reglugerðin tekur til skipa sem stunda veiðar innan íslenskrar lögsögu og landa afla sínum á Íslandi.

2. gr.

Vigtunarleyfishafi sem tekur á móti uppsjávarfiski sbr. 1. gr. til bræðslu, skal taka sýni úr afla svo sem mælt er fyrir um í þessari grein. Niðurstaða sýnatöku skal lögð til grundvallar við ákvörðun magns og skráningu einstakra tegunda meðafla.

Fyrir löndun skal skipstjóri tilkynna til vigtunarleyfishafa um áætlað aflamagn.

Úr hverjum farmi sem er meira en 100 lestir skulu tekin 5 sýni. Hvert sýni skal vega um það bil 100 kg. Skulu sýni valin þannig að dregnar skulu út slembitölur fyrir hverja heila lest á talnabilinu frá einum til áætlaðs heildarafla. Þegar löndunartegund sýnir útdregna slembitölu skulu sýni tekin.

Sýnin skulu sett í kar og merkt með númeri og þau vegin til að ákvarða heildarþunga hvers sýnis. Starfsmenn vigtunarleyfishafa skulu tegundaflokka meðafla, telja fiska af kvótabundnum meðafla tegundum og vigta magn hverrar tegundar í hverju sýni (kari). Magn meðafla í hverri tegund skal síðan uppreiknað með tilliti til heildarafla hverrar löndunar og skal sá meðafla skráður til afla viðkomandi fiskiskips í aflaskráningarkerfi Fiskistofu.

Við framkvæmd sýnatöku skulu aðferðir og búnaður samræmd milli vinnslustöðva í samráði við Fiskistofu.

Allar niðurstöður mælinga skulu skráðar á sérstök eyðublöð sem skulu varðveitt í a.m.k. tvö ár.

3. gr.

Uppsjávarafla sem landað er til vinnslu skal vigta samkvæmt ákvæðum reglugerðar um vigtun sjávarafla og skal hver tegund vegin sérstaklega. Fari afli til bræðslu, þrátt fyrir að honum hafi verið landað til vinnslu, skal með hann fara samkvæmt ákvæðum 2. gr.

4. gr.

Þegar síldartegundir eru blandaðar í afla síldveiðiskipa skal skipstjóri taka sýni úr afla sem veiddur er austan 17°00' V. Sýni skulu tekin úr hverju kasti eða togi og skal sýnataka fara fram fyrir stærðarflokkun afla og framkvæmd þannig að tekið skal eitt 50 sílda sýni úr hverju kasti eða togi. Hvert sýni skal aðgreint til tegunda í samræmi við kynþroskastig. Skipstjóri skal ávallt tilkynna hlutfall síldartegunda ásamt áætluðu aflamagni til vigtunarleyfishafa fyrir löndun.

Magn hverrar síldartegundar skal síðan uppreiknað með tilliti til heildarafla hverrar löndunar og skal hver síldartegund skráð til afla viðkomandi fiskiskips í aflaskráningarkerfi Fiskistofu. Allar niðurstöður mælinga skulu skráðar á sérstök eyðublöð sem skulu varðveitt í a.m.k. tvö ár.

5. gr.

Vinnsluskipum sem frysta síld um borð er heimilt að blanda saman í lestum fráflokkaðri síld sem ekki er hæf til vinnslu og afskurði sem fellur til við vinnsluna. Sé það gert skal skipstjóri, áður en löndun hefst, tilkynna vigtunarleyfishafa um í hvaða lestum fráflokkuð síld og afskurður er. Öllum afskurði og fráflokkaðri síld skal landað og sýni tekin til að sannreyna magn heillar síldar í samræmi við ákvæði 2. gr.

6. gr.

Um vigtun uppsjávarafla og meðafla og skráningu hans gilda að öðru leyti ákvæði reglugerðar nr. 224, 14. mars 2006, um vigtun og skráningu sjávarafla, með síðari breytingum.

7. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum. Þá er Fiskistofu heimilt að áminna vigtunarleyfishafa eða afturkalla leyfi hans til vigtunar ef vigtunarleyfishafi eða starfsmenn hans brjóta gegn ákvæðum þessarar reglugerðar í samræmi við ákvæði laga nr. 57/1996, með síðari breytingum.

8. gr.

Reglugerð þessi er gefin út samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. maí 2008. Frá sama tíma eru felldar úr gildi reglugerð nr. 206, 16. mars 2006, um vigtun og skráningu meðafla við kolmunnaveiðar og reglugerð nr. 924, 21. október 2005, um vigtun og skráningu norsk-íslenskrar síldar við veiðar á sumargotssíld.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 19. febrúar 2008.

F. h. r.

Steinar Ingi Matthíasson.

Pórður Eyþórsson.